

*Yfirlýsing frá Sjóvá-Almennum tryggingum hf.
15. september 2004*

Tjá sig ekki frekar meðan málið er fyrir dómi

Í tilefni af umfjöllun fjölmiðla um málaferli Ástþórs Wium Magnússonar á hendur Sjóvá-Almennum tryggingum hf., vill fyrirtækið koma eftirfarandi upplýsingum á framfæri:

Aðfararnótt 1. mars árið 2002 var bifreið, sem var kaskótryggð hjá Sjóvá-Almennum, ekið á ljósastaur í úthverfi Reykjavíkur. Skömmu síðar kærði eigandi bifreiðarinnar, Ástþór Wium Magnússon, stuld á henni til lögreglu og krafði Sjóvá-Almennar um greiðslu bóta.

Eigandi bifreiðarinnar hefur upplýst að Sjóvá-Almennar hafa hafnað kröfu eigandans um greiðslu bóta með vísan til þess að núverandi eiginkona hans hafi ekið bifreiðinni umrædda nótt undir áhrifum áfengis. Samkvæmt skilmálum kaskótryggingar ökutækja hjá Sjóvá-Almennum er bótaskylda undanþegin ef ökumaður vegna undanfarandi neyslu áfengis, örvandi eða deyfandi lyfja, telst ekki geta stjórnað ökutækinu.

Eigandi bifreiðarinnar hefur höfðað dómsmál á hendur Sjóvá-Almennum og er það nú til meðferðar hjá héraðsdómi Reykjavíkur. Sjóvá-Almennar munu ekki tjá sig frekar um málið fyrr en meðferð þess hjá dómstólum er lokið.

*Nánari upplýsingar veitir Þorgils Óttar Mathiesen,
forstjóri Sjóvá-Almennra, í síma 440 2002.*